

## Fundargerð 178. fundar sveitarstjórnar Flóahreppi

<b>Fundarstaður:</b>	Þingborg
<b>Fundardagur:</b>	Miðvikudagur 12. október 2016
<b>Fundartími:</b>	15:00 – 18:55
<b>Fundarmenn:</b>	Margrét Jónsdóttur varaoddviti Svanhvít Hermannsdóttir Sigurbára Rúnarsdóttir Stefán Geirsson varamaður Árna Eiríkssonar Rósa Matthíasdóttir Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

Margrét Jónsdóttir setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Við dagskrárlið nr. 14 varðandi tómsundaakstur, bætist erindi frá Foreldrafélagi Flóaskóla og við dagskrárliðinn fundargerðir, fundargerð Rekstrarstjórnar félagsheimilanna í Flóahreppi dags. 10.10.2016.

Eydís Þ. Indriðadóttir ritaði fundargerð.

Samþykkt að fundargerð verði rituð á tölvu sbr. 23. gr. sveitarstjórnarlaga.

### *Dagskrá:*

#### **Skipulagsmál:**

#### **1. Fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita nr. 118, dags. 27.09.2016**

##### **a) Bitra: Þjónustumiðstöð: Deiliskipulag – 1512011**

Lögð fram lagfærð greinargerð deiliskipulags fyrir þjónustumiðstöð í landi Bitru til að koma til móts við athugasemdir Skipulagsstofnunar sem fram koma í bréfi þeirra dags. 22. júlí 2016.

Skipulagsnefnd mælir með að sveitarstjórn samþykki breytta skilmála deiliskipulagsins og feli skipulagsfulltrúa að senda málið til afgreiðslu Skipulagsstofnunar að nýju.

Sveitarstjórn gerir athugasemd við orðalag í greinargerð þar sem fjallað er um sorpmál. Bent er á að ekkert svæði til losunar sorps er innan sveitarfélagamarka Flóahrepps. Einnig er gerður fyrirvari vegna þess að ekki er hægt að tryggja þjónustumiðstöðinni vatn að svo stöddu. Athugasemdir eru einnig gerðar við stærð skilta og óskað nánari skýringa á því hvernig þau eigi að falla að landslagi og ásýnd svæðisins.

Afgreiðslu málsins frestað þar til fyrir liggja svör við þessum athugasemdum.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

##### **b) Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 16 – 38 – 1609003F, dags. 14.09.2016**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 14. september 2016.

#### **2. Skólatún**

a) Lagt fram erindi frá Jóhanni Helga & co þar sem farið er fram á bætur vegna skemmda á húsbúnaði og fatnaði vegna ástands leiguhúsnæðis í Skólatúni.

Sveitarstjóra falið að leita álits lögfræðings sveitarfélagsins vegna bótakröfunnar. Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Til skoðunar hefur verið hjá starfsmönnum fasteignasviðs hvort mögulegt sé að flytja húsið í Skólatúni af núverandi grunni. Fyrir liggur staðfesting þeirra á því að það sé mögulegt.

Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa eftir tilboðum í húsið til brottflutnings að fengnu leyfi byggingarfulltrúa. Sveitarstjórn áskilur sér rétt til þess að hafna öllum tilboðum reynist þau ekki ástættanleg. Sveitarstjóra og umsjónarmanni fasteinga falið að vinna málið áfram.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**3. Kjörskrárstofn vegna alþingiskosninga 29. október 2016**

Lagður fram kjörskrárstofn vegna alþingiskosninga 29. október 2016. Sveitarstjóra falið að semja kjörskrá vegna alþingiskosninga 29. október 2016. Jafnframt er sveitarstjóra veitt fullnaðarheimild til að fjalla um athugasemdir, gera nauðsynlegar leiðréttingar og úrskurða um ágreiningsmál sem kunna að koma fram að kjördegi vegna alþingiskosninga 29. október 2016. Sveitarstjóra falið að auglýsa á heimasíðu sveitarfélagsins framlagningu kjörskrárinnar fyrir 19. október.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**4. Útgáfa bráðabirgðarekstrarleyfa – álit lögfræðings**

Sbr. lið 17 á sveitarstjórnarfundum nr. 177 dags. 14.09.2016. Lagt fram álit lögfræðings sveitarfélagsins, dags. 20.09.2016, á því hvort heimilt sé að veita sveitarstjóra umboð til þess að gefa út bráðabirgðarekstraleyfi.

Niðurstaða álitsins er sú að sveitarstjórn hafi ekki heimild skv. 1. mgr. 42.gr. sveitarstjórnarlaga til að veita sveitarstjóra heimild til þess að afgreiða umsagnir um rekstrarleyfi milli sveitarstjórnarfundum með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn vill gera greinarmun á því hvort um endurnýjun leyfa er að ræða eða ný leyfi. Stefnt er að breytingar á samþykktum sveitarfélagsins þannig að þetta sé mögulegt.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**5. Umsókn um rekstrarleyfi fyrir gististað – Arabær**

Lögð fram til umsagnar umsókn um rekstrarleyfi frá Sævari Erni Sigurvinnssyni fyrir gististað í Arabæ.

Sveitarstjórn gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við umsóknina.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**6. Viðbrögð við auglýsingu um lagningu ljóleiðara - Frá a) Gagnaveitu Suðurlands b) Mílu c) Rafal ehf**

Auglýst var eftir athugasemdum vegna fyrirhugaðrar lagningar á ljósleiðara í Flóahreppi sbr. bókun sveitarstjórnar Flóahrepps dags. 14. 09.2016.

Þrjú erindi hafa borist:

a) Frá Gagnaveitu Suðurlands. Vakin er athygli á því að fyrirtækið var stofnað til þess að bjóða upp á góða háhraða netþjónustu fyrir íbúa á Suðurlandi sem borið gæti internet, síma og sjónvarp. Bent er á að þjónusta loftljóssins gefur nú tengihraða 50Mb á hús og að innan tveggja ára verði hraðinn kominn í 100Mb. Nú þegar eru nokkur fyrirtæki í Flóahreppi sem hafa fengið 100 Mb. tengingar.

Sveitarstjóra falið að fá fulltrúa Gagnaveitunnar á fund með sveitarstjórn til þess að kynna nánar þá þjónustu sem fyrirtækið býður upp á.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Frá Rafal ehf sem starfar við hönnun ljósleiðarakerfa – kynning á þjónustu

c) Frá Mílu, sem óskar eftir fundi með forsvarsmönnum sveitarfélagsins vegna málsins.

Sveitarstjóra og oddvita falið að ná fundi með forsvarsmönnum Mílu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**7. Erindi frá sóknarnefnd Villingaholtskirkju**

Lagt fram erindi frá Þórunni Kristjánsdóttur f.h. sóknarnefndar Villingaholtskirkju þar sem óskað eftir fjárstuðningi vegna lagfæringa á kirkjugarði Villingaholtskirkju.

Sveitarstjórn sér sér ekki fært að verða við erindinu því það er ekki lögbundið hlutverk sveitarfélaga að sjá um umhirðu kirkjugarða.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**8. Erindi frá Ungmennafélaginu Þjótanda – Íþróttæfingar barna**

Lagt fram erindi frá Lilju Ómarsdóttur f.h. Ungmennafélagsins Þjótanda þar sem óskað er eftir fjárstuðningi vegna aksturs á æfingar barna í 1. – 4. bekk frá Flóaskóla að Þingborg að hluta eða að öllu leyti.

Tillaga um að styrkja verkefnið um kr. 250.000 á skólaárinu 2016 - 2017.

Samþykkt með 5 atkvæði

**9. Erindi frá Snorraverkefninu – stuðningur við framkvæmd**

Lagt fram erindi frá Snorraverkefninu þar sem óskað er eftir fjárstuðningi vegna nemendaskipta milli Íslands og Kanada.

Sveitarstjórn sér sér ekki fært að verða við erindinu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**10. Erindi frá Suðra – styrkbeiðni vegna afmælishátíðar**

Lagt fram erindi frá Íþróttafélaginu Suðra, íþróttafélagi fatlaðra á Suðurlandi þar sem óskað er eftir styrk frá Flóahreppi sem nemur upphæð leigu á Þingborg vegna árhátíðar félagsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**11. Erindi frá Innanríkisráðuneytinu – Form og efni viðauka við fjárhagsáætlun**

Erindi til sveitarstjórna frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, þar sem óskað er eftir því að teknar verði til umræðu verklagsreglur sveitarfélaga við gerð og afgreiðslu viðauka við fjárhagsáætlanir sbr. reglugerð nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

Sveitarstjórn tekur undir innihald erindisins og leggur einnig áherslu á það við stjórnendur stofnana að viðauki við fjárhagsáætlun er *fyrirfram ákveðin heimild* til breytinga á fjárhagsáætlun en er ekki ætlað að þjóna sem *leiðrétting á skuldbindingum sem stofnað var til án heimildar* í fjárhagsáætlun. Í erindinu kemur einnig fram að viðauki er ekki gildur nema hann feli í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Á það einnig við þótt heildaútgjöld eða heildartekjur breytist ekki vegna samþykktar hans, sbr. 2 .mgr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga.

Bókun samþykkt með 5 atkvæðum.

**12. Viðauki III við fjárhagsáætlun ársins 2016 – Launaliður Krakkaborgar**

Lagður fram viðauki III við fjárhagsáætlun ársins 2016 þar sem óskað er eftir 9 milljón kr. viðbótarframlagi vegna kjarasamningsbundinna launahækkana sem ekki var gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun Krakkaborgar fyrir árið 2016.

Viðauki III

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir eftirfarandi viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2016:

Við launalið leikskólans Krakkaborgar bætast 9 milljónir króna vegna kjarasamningsbundinna hækkana sem ekki var gert ráð fyrir í upphaflegri fjárhagsáætlun ársins 2016. Útlit er fyrir 12 milljón króna aukningu á skatttekjum og er útgjaldaaukanum er mætt með hluta af þeirri tekjuaukningu.

Samþykkt með 5 atkvæðum og undirritað.

**13. Samstarfsamningur vegna námsráðgjafa**

Lagður fram samstarfssamningur milli Sveitarfélaganna Hrunamannahrepps kt. 640169-2309, Bláskógabyggðar, kt. 510602-4120, Grímsnes- og Grafningshrepps, kt. 590698-2109, Skeiða- og Gnúpverjahrepps, kt. 540602-4410 og Flóahrepps, kt. 600606-1310 um ráðningu námsráðgjafa. Flóaskóli verður heimaskóli verkefnisins og

Flóahreppur umsjónarsveitarfélag.. Gert er ráð fyrir að verkefnið sé gert upp ársfjórðugslega og að Flóahreppur innheimti 500.000 kr fyrir umsýsluna. Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### 14. Erindi frá stjórnendum og foreldrafélagi Flóaskóla – tómsundaakstur

Lögð fram 2 erindi er varða tómsundaakstur í Flóahreppi. Frá foreldrarfélagi Flóaskóla þar sem sveitarstjórn er hvött til þess að leita allra leiða til þess að bjóða uppá ódýrari lausn varðandi tómsundaakstur frá Flóaskóla á Selfoss. Einnig erindi frá stjórnendum Flóaskóla þar sem hörmuð er sú ákvörðun sveitarstjórnar að hækka gjaldtöku vegna tómsundaaksturs á Selfoss og sveitarstjórn hvött til þess að endurskoða gjaldtöku á tómsundaakstri allverulega.

Rætt um að hækka hvatastyrki til þess að koma til móts við foreldra í þessu efni. Einnig kæmi til greina að bjóða upp á akstur á miðvikudögum í Þingborg ef möguleiki er á því. Sveitarstjóra falið að skoða það með skólabílstjórum. Málinu vísað til fjárhagsáætlanagerðar fyrir árið 2017. Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### 15. Forsendur fjárhagsáætlunargerðar – álagningarprósentur og gjaldskrár

Gerð er tillaga um eftirfarandi forsendur vegna fjárhagsáætlunargerðar ársins 2017: Ekki verður gert ráð fyrir neinum hækkunum vegna breytinga á vísitölu í leik og grunnskóla. Óskað er eftir aukinni hagræðingu þar sem tilefni gefur til með hagræðingu í starfsmannahaldi og á öðrum sviðum. Stefnt er að því að lækka hlutfall fræðslumála af heildarskatttekjum hjá sveitarfélaginu. Stjórnendum falið að ganga út frá því við fjárhagsáætlagerð ársins 2017.

##### Útsvar:

Lögð fram tillaga um að álagningarprósenta útsvars fyrir árið 2017 verði **14,52 %**.

##### Fasteignagjöld:

Lögð fram tillaga um álagningarprósentu fasteignagjalda fyrir árið 2017:

##### a-flokkur 0,50% af fasteignamati:

Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.

##### b-flokkur 1,32% af fasteignamati:

Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn.

##### c-flokkur 1,65% af fasteignamati:

Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu.

##### Gjaldskrá sorphirðu:

Lögð fram eftirfarandi tillaga að gjaldskrá sorphirðu fyrir árið 2017:

##### **Sorphirða**

240 l tunna	15.370 kr
660 l kar	42.296 kr
1100 l kar	70.397 kr

##### **Sorpeyðing**

Íbúðir	14.652 kr
Sumarhús	14.652 kr
Atvinnur. Iðnaðarhverfi	31.970 kr
Atvinnur. Lögbýli	17.317 kr
Seyrulosun pr. ár.	9.120 kr

##### Gjaldskrá Vatnsveitu Flóahrepps:

Lögð fram tillaga að eftirfarandi breytingum á gjaldskrá Vatnsveitu fyrir árið 2017:

Tillaga um að tengigjöld hækki um 5 % frá gjaldskrá ársins 2016.  
Að álagningarprósenta vatnsgjalds verði 0,2 % af fasteignamati og að  
lágmarksálagning á íbúðarhús verði 19.800 kr og hámarksálagning 39.000 kr.  
Eitt gjald verði innheimt af sumarhúsum 33.000 kr.  
Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### **Fasteignir:**

Lögð fram tillaga um að setja íbúðarhúsin, Brandshús 4 og Brandshús 5 í sölumeðferð.  
Sveitarstjóra falið að segja upp leigusamningum með formlegum hætti frá og með  
næstu mánaðarmótum.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Rætt um félagsheimilin í Flóahreppi og viðhaldspörf húsanna. Rekstur Félagslundar er  
sveitarfélaginu erfíður. Áætlun fyrir árið 2017 gerir ráð fyrir viðhaldskostnaði á húsinu  
vegna utanhússviðgerða og endurnýjunar gólfefna fyrir allt að 20 milljónir.

Rætt um möguleika á hagræðingu í rekstri Félagsheimilisins Félagslundar. Lögð fram  
tillaga um að skoðað verði hvort grundvöllur sé fyrir því á næstu misserum að setja  
félagsheimilið í sölufarli.

Samþykkt með 4 atkvæðum. MJ, RM, SR og SH.

Sérbókun: Stefán Geirsson lýsir andstöðu við tillöguna því ekki séu fullreynðar allar  
leiðir til hagræðingar í rekstrinum.

#### **16. Erindi frá Guðmundi Stefánssyni – vegna endurnýjunar vegskilta**

Í erindinu er bent á þörf fyrir að uppfæra stærri vegskilti vegna nýrra býla í  
sveitarfélaginu. Sveitarstjórn þakkar ábendinguna. Sveitarstjóra og oddvita falið að  
vinna málið áfram í samvinnu við fulltrúa Vegagerðarinnar á fyrirhugðum fundi þessara  
aðila 13. október.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### **17. Frá Landvirkjun – hugmyndir um breytta landnýtingu í Skálmholtshrauni**

Lagt fram erindi frá Herði Arnarsyni f.h. Landsvirkjunar þar sem farið er yfir óskir um  
fyrirhugaðar breytingar á landnýtingu í Skálmholtshrauni. Þar er óskað eftir því að  
svæði sem skipulagt er fyrir frístundabyggð verði breytt í landbúnaðarsvæði. Óskað er  
eftir því að fyrirtækið fái að kynna þessar hugmyndir fyrir fulltrúum Steinsholts vegna  
vinnu við aðalskipulagsgerð.

Sveitarstjórn samþykkir erindið með 5 atkvæðum.

#### **18. Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga – vegna utankjörfundaratkvæðagreiðslu**

Í erindinu sem sent er til allra sveitarfélaga, er lýst yfir ánægju með framkvæmd  
tilraunaverkefnis sýslumanna og 15 sveitarfélaga eða embætta um  
utankjörfundaratkvæðagreiðslu vegna forsetakosninga sumarið 2016. Mælt er til þess  
að sveitarfélög taki þátt í því áfram og að þeim verði fjölgað eftir því sem kostur er.  
Einnig er mælt til þess að óskir sýslumanna um áframhaldandi samstarf vegna  
verkefnisins verði teknar til efnislegrar umfjöllunar. Flóahreppur tók þátt í verkefninu í  
gegnum embætti Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita. Af því skapaðist ekki  
aukagjöldur.

Samþykkt með 5 atkvæðum að halda því áfram.

#### **19. Jólagjafir starfsmanna og nefnda Flóahrepps**

Lögð fram tillaga um framlag til jólagjafa starfsmanna Flóahrepps. Gert er ráð fyrir  
7.000 kr. framlagi fyrir hvern starfsmann. Stjórnendum falið að taka ákvörðun um  
nýtingu framlagsins. Engin framlög verða í ár vegna jólagjafa til sveitarstjórnar og  
annarra nefndarmanna í Flóahreppi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### **20. Trúnaðarmál:**

Fært í trúnaðarmálabók.

## 21. Fundargerðir:

- a) **Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 177, dags. 14.09.2016**  
Athugasemd vegna liðar 21. d: Fundargerð 38. fundar Stjórnar skipulags og byggingarfulltrúa, liður 2 starfsmannamál, sem þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar: Þar þarf að liggja fyrir samþykki sveitarstjórnar Flóahrepps fyrir tímabundinni ráðningu starfsmann vegna veikindaforfalla til loka ársins 2016. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirkomulagið eins og það er kynnt í fundargerð 38. fundar. Samþykkt með 5 atkvæðum.  
Fundargerð sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 177 að öðru leyti lögð fram til kynningar.
- b) **Fræðslunefndar Flóahrepps nr. 94, dags. 27.09.2016**  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- c) **Stjórnar Brunavarna Árnassýslu nr. 9, dags. 23.08.2016**  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- d) **Stjórnar Brunavarna Árnassýslu nr. 10, dags. 07.09.2016**  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- e) **Fagráðs Listasafns Árneseinga nr. dags. 19.02.2016**  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- f) **Stjórnar Listasafns Árneseinga nr. dags. 18.04.2016**  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- g) **Stjórnar Listasafns Árneseinga nr. dags. 23.09.2016**  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- h) **Fagráðs Tónlistarskóla Árneseinga nr. 177 dags. 21.09.2016**  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- i) **HES nr. 175, dags. 30.09.2016**  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- j) **Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands nr. 247. dags. 06.09.2016**  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- k) **Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands nr. 248. dags. 28.09.2016**  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- l) **Samstarfsaðila um ferðamál á Suðurlandi dags. 23.09.2016**  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- m) **Stjórnar SASS nr. 512. dags. 30.09.2016**  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- n) **Stjórnar samtaka orkusveitarfélaga nr. 25 dags. 05.09.2016**  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- o) **Rekstrarstjórnar félagsheimilanna í Flóahreppi nr. 26 dags. 10.10.2016**  
Lögð er fram tillaga um breytingar á samþykktum rekstrarstjórnarinnar þess efnis að rekstrarstjórn í núverndi mynd og daglegur rekstur félagsheimilanna myndi færast alfarið til starfsfólks sveitarfélagsins. Nýrri nefnd, Menningarnefnd verði falið að fara með viðburði eins og „Fjör í Flóa“ og „Tónahátíð“ og aðra viðburði sem Flóahreppur vill standa fyrir á hverjum tíma. Lagt er til að þessar skipulagsbreytingar fari fram um áramót 2016 – 2017.  
Sveitarstjórn styður þessar hugmyndir og ákveðið að vinna málið áfram og að auglýsa eftir áhugasömu fólki í þriggja manna menningarnefnd.  
Samþykkt með 5 atkvæðum

## 22. Efni til kynningar:

- a) **Svar Flóahrepps við erindi frá EFS – jafnvægisregla sveitarstjórnalaga**
- b) **Tilkynning um niðurfellingu hluta Stekkholtsvegur af vegaskrá**
- c) **Frá Skipulagsstofnun – staðfesting á framlagi vegna aðalskipulagsgerðar**

**d) Frá Íbúðalánasjóði – Framkvæmd laga um almennar íbúðir**

**e) Nemendalisti Tónlistarskóla Árnesinga**

**23. Önnur mál:**

Næsti fundur sveitarstjórnar Flóahrepps verður haldinn 9. nóvember klukkan 15:00 í Þingborg.

Samþykkt með 5 atkvæðum

Margrét Jónsdóttur

Svanhvít Hermannsdóttir

Sigurbára Rúnarsdóttir

Stefán Geirsson varamaður Árna Eiríkssonar

Rósa Matthíasdóttir

Eydís Þ. Indriðadóttir